



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 18. ágúst 2017  
1606002 SB

**Efni: Vaxtamörk í landi Mosfellsbæjar - verkefnislýsing vegna breytingu á svæðisskipulagi**

Á 77. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 23. júní 2017 s.l. var afgreitt erindi Mosfellsbæjar um að hefja breytingar á vaxtamörkum svæðisskipulags í landi Mosfellsbæjar þannig að athafnasvæði við Hólmsheiði geti stækkað til austurs. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti að hefja breytingar og leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða meðfylgjandi verkefnislýsingu.

Eftirfarandi var bókað:

*Svæðisskipulagsnefnd telur nauðsynlegt að í skipulagsvinnunni verði möguleg neikvæð áhrif á neysluvatn metin sérstaklega áður en endanlegar ákvarðanir um færslu vaxtarmarkna verða teknar. Í verkefnislýsingunni kemur fram að vinna eigi sérstakt áhættumat sem haft verði til hliðsjónar við mótun tillögunnar. Svæðisskipulagsnefnd samþykkir verkefnislýsinguna með þeim breytingum að mörk athuganarsvæðis verði minnkuð og skerpt verði á orðalagi um græna atvinnustarfsemi. Nefndin leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða hana til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.*

Gerðar hafa verið viðeigandi breytingar á verkefnislýsingunni og fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar óska ég eftir því að sveitarstjórn afgreiði hana til kynningar og umsagnar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

*Meðfylgjandi:  
Verkefnalýsing*